

sýslumanns 4. júní 1900 og fyr var lögtaksins því eigi beiðst, en 4. júní 1899 var umrædd stúlka fermd, og þá, að fermingunni aflokinni, var gjalddagi fermingargjaldsins til stefnda, ef stefndi á annað borð átti heimting á því, en úr því, hvort svo hafi verið, þarf eigi að skera í þessu máli, með því að lögtakið verður að dæma ómerkt þegar fyrir þá sök, að þess samkvæmt framansögðu eigi var beiðst fyr en ár var liðið frá gjalddaga og krafan fyrir það hafði mist lögtaksrétt.

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð eiga því ómerk að vera. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgerð eiga ómerk að vera. Stefndi Arnór prestur Árnason greiði áfrýjandanum Guðjóni Guðlaugssyni alþingismanni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 2. septembermánaðar.

Nr. 29/1901.

Hið opinbera
gegn

Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað eftir skipun amt-

mannsins yfir Norður- og Austuramtinu gegn hinum kærða Jóni Jónssyni, veitingasala á Vopnafirði, fyrir það, að hann hafi án yfirvaldsleyfis selt greiða og gistingu á Vopnafirði frá því í september og þangað til í desembermán. f. á., en hinn 6. desbr. síðastl. fékk hann amtsleyfi til að hafa um hönd greindar veitingar. Máli þessu var ráðið til lykta með lögregluréttardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 14. marsm. þ. á., og var kærði sýknaður fyrir kæru hins opinbera í málinu og kostnaður þess allur dæmdur á almannafé. Dómi þessum hefir amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu skotið til yfirréttarins.

Það er sannað með játningu hins kærða og öðrum skýrslum í málinu, að hann, sem var heimilisfastur á Vopnafirði, hafi á tímabilinu frá því í septembermán. og þangað til 6. desbr. f. á. haft þar á boðstólum fyrir gesti mat og kaffi, hey og gistingu, og tekið borgun fyrir, og að hann hafi eigi haft leyfi amtmanns til þessarar veitingasölu, og hefir því verið haldið fram, að hann með þessu atferli hafi gerst brotlegur gegn banninu í tilsk. 17. nóvbr. 1786, 10. gr., sbr. op. br. 28. desbr. 1836, 1. og 2. gr. Í áminstri 10. gr. tilskipunarinnar er svo ákveðið, að í kaupstöðum »skuli brennivínsbrensla öldungis bönnuð vera, og eins gestaveitingar, nema með sérlegu amtmanns leyfi«, og eftir op. br. 28. desbr. 1836 gildir þetta einnig um löggilta verzlunarstaði, en eftir orðalaginu og sambandinu í lagagreininni verða eigi aðrar veitingar en »brennivínsveitingar«, þ. e. áfengisveit-

ingar, taldar »gestaveitingar«. Það verður eigi á-litið, að það hafi verið tilgangurinn með ákvæði þessarar lagagreinar, að banna að selja gestum í kaupstöðum og verzlunarstöðum mjólk, mat eða rúmlán eða annað því um líkt án sérstaks amts-mannsleyfis, enda mun þeim skilningi á lögunum eigi hafa verið framfylgt hér á landi að undan-förnu. Samkvæmt þessu ber að sýkna hinn kærða í málinu, og verður því að staðfesta lögregluréttar-dóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr lands-sjóði, þar með talin málfutningslaun til hins skip-aða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfir-dóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskað-ur. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist af almannafé, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verj-anda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.